

Starfsáætlun 2021-2022

Leikskólinn Álfatún



Starfsáætlun Álfatúns 2021 –2022

Inngangur	3
Um leikskólann.....	4
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	4
Lýðræði, jafnrétti, Barnasáttmálinn og Heimsmarkmið	4
Starfsáætlun næsta leikskólaárs og mat á áætlun síðasta árs.....	5
Leikskólastarfið	5
Dagskipulag:.....	11
Menningarviðburðir.....	11
Kynning á leikskólanum	11
Foreldrasamstarf.....	12
Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs.....	12
Foreldraráð	12
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu.....	12
Áfram verða foreldrar hvattir til að taka þátt í starfi leikskólans, fundum og viðburðum.	12
Fræðsla og upplýsingar til foreldra	13
Foreldrafélag.....	13
Starfsmenn.....	13
Starfsmannastefna.....	13
Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna.....	14
Samsetning starfsmannahópsins	14
Fundir	14
Skipulagsdagar	15
Símenntunaráætlun	15
Samstarf.....	16
Samstarf við grunnskóla	16
Samstarf við aðra	16
Innra mat	16
Matsaðferðir	16
Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður.....	17
Matsáætlun.....	19
Umbótaáætlun.....	20
Börn.....	20
HLJÓM-2.....	20
EFI-2	20

Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift	20
Sérkennsla.....	20
Starfsfólk.....	21
Forráðamenn	21
Öryggismál	21
Öryggisnefnd.....	22
Áfallaráð.....	22
Innra eftirlit.....	22
Slys	22
Lokaorð	23
Fylgiskjöl.....	24

Inngangur

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og mikilvægur fyrir þau börn sem þar eru. Velferð þeirra og öryggi skiptir miklu máli. Samkvæmt lögum um leikskóla er eitt af meginmarkmiðum leikskólans að huga að og efla alhliða þroska barna í samvinnu við foreldra í fjölbreyttu umhverfi.

Starfsáætlun er gerð til að efla skólaþróun í leikskólanum, þar sem sett eru fram markmið starfsins og áætlun um umbætur. Starfsfólk leikskólans kemur að því að meta hvernig síðasta skólaár gekk og í framhaldi af því er gerð áætlun um hvernig unnið er að umbótum og nýjum verkefnum.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Álfatún er staðsettur austast í hlíðum Fossvogsdalsins. Hann er á þremur hæðum og stendur hátt og er útsýni vítt og fagurt. Leikskólinn tók til starfa 1. nóvember 2001 þegar bæjarsjóður Kópavogs keypti og yfirtók rekstur einkarekins leikskóla að Álfatúni 2. Leikskólinn er fimm deilda leikskóli fyrir 1 - 6 ára börn sem eru í sveigjanlegum vistunartíma. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 – 16:30. Yngstu börnin dvelja á fyrstu hæðinni og á miðhæð eru eins til tveggja ára börn. Þriggja til sex ára börn eru á efstu hæð. Á miðhæð er salur sem er nýttur af öllum deildum skólans.

Garðurinn er í talsverðum halla sem eykur mjög á hreyfigetu barnanna en veldur því einnig að erfiðara er að nýta allan garðinn. Síðustu tvö sumur hefur verið unnið að breytingum á garðinum og er að mestu búið að framkvæma það sem áætlað var en eftir standa nokkur atriði sem koma vonandi sem fyrst. Það var til dæmis áætlað að körfuboltakarfa væri sett upp á efra svæði og stimplað á stétt. Stjórnendur hafa verið í sambandi við þá aðila sem sjá um framkvæmd.

Heimasíða leikskólans er alfatun.kopavogur.is og þar má finna ýmsar upplýsingar um leikskólans.

Lýðræði, jafnrétti, Barnasáttmálinn og Heimsmarkmið

Í aðalnámskrá leikskóla er einn af grunnþáttum menntunar lýðræði og mannréttindi. Ein af forsendum lýðræðis er að bera ábyrgð saman, vera meðvitaður og virkur í að móta og hafa áhrif á samfélag sitt bæði nær og fjær. Virðing fyrir mannréttindum er svo ein af meginstoðum lýðræðislegs samfélags auk viðurkenningar á manngildum og hæfileikum. Með það í huga teljum við mikilvægt að hlusta á börn í leikskólastarfi og ekki síður að kenna þeim að þroska hæfileika til að sýna samkennd og umburðarlyndi.

Markmið okkar er:

- Að börnin finni fyrir öryggi og séu ánægð og glöð að koma
- Að börnin læri að leika hvert við annað og geti fundið leikgleði í flestum aðstæðum með ólíkum leikfélögum
- Að börnin finni að hlustað sé á þau og skoðanir þeirra skipti máli
- Að börnin finni að þau séu sjálfstæðir einstaklingar

Leiðir:

- Taka vel á móti börnunum, með virðingu, hlýju og gleði, burt séð frá uppruna, fjölskylda aðstæðum og kyni.
- Með viðmóti, tali og almenntri hegðun setjum við fordæmi sem felst í virðingu fyrir misjafnri getu, ólíkum menningarheimum og fjölskylduformum.
- Styðja þau í að leika hvert við annað og finna lausnir ef upp koma vandamál.

- Mæta þeim sem einstaklingum og virða þarfir hvers og eins
- Gefa þeim jafnan rétt til að tjá sig og hafa áhrif á daglegt starf eins og hægt er.

Skólaárið 2020 - 2021

Kópavogsbær hefur að markmiði að innleiða Barnasáttmálann og Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun inn í stefnu bæjarins í öllum málum og þar á meðal skólastarf. Við í Álfatúni höfum átt samræður um Barnasáttmálann og viljum að daglegt starf okkar endurspegli kjarna hans, mannréttindi og lýðræði í daglegu starfi.

Grænn nóvember mánuður var sérstakur Barnasáttmála og „vinamánuður“ í ár þar sem elstu börnin unnu með barnasáttmálann í máli og myndum en yngri börn nálguðust sáttmálann í gegnum leikinn og samskipti.

Skólaárið 2021 - 2022

Við munum endurmeta Umhverfisstefnu okkar og velja okkur markmið í tengslum við Heimsmarkmiðin til að þróa á starfsárinu. Að auki verður unnið með Barnasáttmálan.

Náttúran og umhverfið er okkur hugleikin. Elstu börnin kynnast bænum okkar þar sem hvert og eitt barn sýnir okkur leiðina að húsinu sínu. Erum í dalnum þar sem við styrkjum líkamsvitund, vellíðan, sjálfstæði, samkennd og félagsfærni um leið og við kynnumst og rannsökum dýralíf og gróður.

Frjálsi leikurinn er okkar aðal námsleið og í gegnum hann æfum við færni okkar í samskiptum, gerum tilraunir og virkjum sköpunarkraft. Við eflum læsi og hæfni til að lesa í umhverfið, tjá okkur um hugmyndir okkar, upplifun og tilfinningar.

Starfsáætlun næsta leikskólaárs og mat á áætlun síðasta árs.

Leikskólastarfið

Leikskólastarf byggir á sex grunnþáttum sem fléttað er inn í námsþætti leikskólans: Læsi, Sjálfbærni, Lýðræði og mannréttindi, Jafnrétti, Heilbrigði og velferð og Sköpun. Í Álfatúni er mikil áhersla lögð á útiveru og vettvangsferðir þar sem leikskólinn liggur við Fossvogsdalinn og eru miklir möguleikar á ýmsum ævintýrum í dalnum. Einnig er lögð áhersla á leikinn, skapandi hugsun, hollt mataræði og gleði. Leikurinn er verkfæri þar sem hægt er að nálgast markmið aðalnámskrár á margvíslegan máta.

Læsi og samskipti: Læsi felst m.a. í að lesa í umhverfi, aðstæður, tilfinningar og ýmiss konar tákn. Ýtt verður undir læsi í gegnum myndmál, sjónrænt skipulag og með því að setja orð á athafnir og hvetja til rannsókna.

Markmið:

Að við lok skólagöngu hafi börnin öðlast þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Leiðir:

- Að sjónrænt dagsskipulag sé sýnilegt á öllum deildum
- Að daglega séu samverustundir þar sem er lögð áhersla á málörvun miðað við þarfir hvers og eins.
- Að leikefni sé merkt með myndum og texta
- Að ritmál og myndmál sé sýnilegt í umhverfinu.
- Að öll börn séu hvött til að tjá hugsanir sínar, hugmyndir og líðan með orðum, myndum, tónlist eða hreyfingu.
- Að nýta gönguferðir til að kynnast nánasta umhverfi skólans.

1-2 ára börn. Lind, Björk og Hlíð.**Skólaárið 2020 –2021**

Málörvun fór fram alla daga í gegnum daglegar venjur, leiki, spil, hlustun á sögur, söng, dans og fleira. TMT (tákn með tali) var notað í samveru, söngstundum og matartímum. Unnið var með Lubba og málbeinið.

Lögð var áhersla á orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu með lestri bóka og söngva.

Í vetur var lögð sérstök áhersla á tónlist, þar sem við bættum við fjölbreyttari tónlist og leik með hljóðfæri og hljóðgjafa.

Áherslur skólaárið 2021 – 2022

Næsta skólaár munum við stefna að því að auka myndmál í leikumhverfi barnanna.

3-6 ára börn. Ból og Lækur.**Skólaárið 2020 –2021**

Málörvun fór fram alla daga í öllum aðstæðum. Ritmál var gert sýnilegt með bókum og merkingum á hlutum og umhverfi. Pappír og ritföng voru sýnileg og í góðu aðgengi. Lögð var áhersla á að auka orðaforða og tjáningu með lestri bóka, söng, sögu- og leikritaspuna. Börnin voru hvött til að tjá sig um það sem er í umhverfinu inni og úti og það notað í skapandi starfi.

Lubbi fær málbein var nýttur með yngri börnunum og svo var mikið um leiki sem tengjast hljóðkerfisvitund. Trausti og Gæfa (bangsar) fóru heim með börnunum og foreldrar skrifuðu í bók hvað var gert með þeim og er það svo lesið upp í samverustund. Við erum með póstkassa, og börnin geta skrifað bréf með hjálp foreldra og sett í kassann og bréfið er svo lesið í samverustund. Hugsunin er að barnið fái rödd sem eflir sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust og við náum tengingu á milli skóla og heimilis.

Mikið var rætt um ólíkar tilfinningar, hvað þær segja okkur og hvernig þær birtast.

Áherslur skólaárið 2021 – 2022

Næsta starfsár munum við halda áfram að vinna með þessa þætti sem koma fram hér að ofan og haldið verður áfram að vinna að þróunarverkefninu í snemmtækri íhlutun varðandi mál og læsi.

Heilbrigði og vellíðan: Í leikskólanum læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Auk þess felst m.a. í góðri sjálfsmynd og því að finna fyrir öryggi og trausti. Lögð verður áhersla á líkamlega umhirðu og sjálfshjálpar, umhyggju og félagsleg tengsl. Einnig útivist, tengingu við náttúruna og hreyfingu.

Lykilatriði í heilbrigði og vellíðan er mataræði, hreyfing og hvíld en einnig að finna fyrir öryggi. Við tökum vel á móti öllum börnum, sínum þeim umhyggju og byggjum upp traust.

Markmið: Að daglegar athafnir í leikskólanum stuðli að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu.

Leiðir:

- Að öll börn fari út einu sinni á dag
- Boðið sé upp á góðan og næringarríkan mat
- Öll börn fái hvíld daglega
- Umhyggja sé leiðarljós í öllu starfi
- Öll börn hvött til sjálfshjálpar

1-2 ára börn: Lind, Björk og Hlíð.

Skólaárið 2020-2021

Flesta daga var farið út og gjarnan tvisvar á dag. Salurinn var nýttur tvisvar í viku í hreyfistundir; þrautabraut, leiki og dans. Börnin voru hvött til sjálfshjálpar og hlúð að félagslegum tengslum.

Björkin hélt áfram að vera með fjölskyldutré með myndum af nánustu ættingjum barnsins, til að draga úr aðskilnaðarkvíða.

Áherslur skólaárið 2021 – 2022

Haldið verður áfram að vinna með þessa þætti.

3 – 6 ára börn: Ból og Lækur.

Skólaárið 2020 – 2021

Útivist var alla daga, ýmist í garðinum eða gönguferðum í nágrenni skólans. Við fórum mikið í Ævintýraskógin en þar eru kjörin tækifæri til að leika frjáls í náttúrunni, kanna mörk á eigin getu, rannsaka lífríkið, efla ímyndunarleik og styrkja félagsleg tengsl.

Börnin voru hvött til sjálfshjálpar og samvinnu.

Áherslur skólaárið 2021 – 2022

Haldið verður áfram að vinna með þessa þætti.

Sköpun og menning: Sköpun og skapandi hugsun er lykill að námi og þróun. Sköpun felst m.a. í að uppgötva og njóta, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Menning er hluti af daglegu lífi okkar og speglast í viðhorfi og möguleikum okkar. Könnun og rannsókn er lögð til grundvallar í starfinu og hvatt til þess að ímyndunaraflið fái notið sín. Virðing, traust og jafnrétti eru þættir sem við viljum að einkenni menningu leikskólans.

Markmið: að umhverfi skólans örvi skynjun og styðji við sköpunarkraft barna.

Leiðir:

- Að nýta efnivið úr náttúrunni
- Að leiðefni bjóði upp á skapandi hugsun
- Að hvetja börn til gagnrýnnar hugsunar

1-2 ára börn: Björk, Lind og Hlíð**Skólaárið 2020 – 2021**

Þemu ársins tengdust lífríkinu og líkamsþekkingu. Í hópastarfi og samverustundum voru börnin hvött til að virkja ímyndunaraflið, rannsaka og kanna ólíkan efnivið út frá skynjun. Mikið var unnið með náttúruna og efnivið þaðan eins og snjó, sand, greinar, steina, skeljar og ýmislegt annað sem býður upp á vangaveltur um áferð, þyngd, lykt og hljóð. Vorum mikið með svokallaðan opinn efnivið sem býður upp á óendalega möguleika í leik.

Áherslur skólaárið 2021 – 2022

Haldið verður áfram að vinna með þessa þætti.

3-6 ára börn. Ból og Lækur.**Skólaárið 2020 – 2021**

Í skapandi starfi lögðum við áherslu á að virkja forvitni, athafnaþrá og frumkvæði barnsins. Ýmiss efniviður var notaður til listsköpunar og uppgötvunar. Ýtt undir uppgötvun, gagnrýna

hugsun, forvitni og áhuga. Virkjuðum ímyndunaraflíð og lékum okkur með möguleika til að skapa og njóta.

Þemu ársins voru Krummi, náttúran og eldgosið. Við fylgjumst með lífinu í dalnum, hvernig náttúran breytist og ólíkri birtu og skýjafari.

Við unnum markvisst með tilfinningar, æfðum okkur í að hrósa og nota falleg orð um okkur sjálf. Í fjölmenningsvikunni og í vinavikunni skoðuðum við ólík fjölskyldumynstur og menningu annarra þjóða.

Elstu börnin fengust við ýmiskonar krefjandi verkefni sem hæfa aldri þeirra og markmiðin með þeim eru að efla sjálfsmynd, hugrekki, sjálfstæði og frumkvæði. Unnið var með læsi, stærðfræði og heimspekilega hugsun barna þar sem er lögð áhersla á tölur, tákni og hringrásir náttúrunnar. Skólaárið byrjaði með svokölluðu heimaverkefni, þar sem þau fara með strætó eða gangandi og skoða hvar hver og einn býr og uppgötva í leiðinni bæinn sinn.

Einnig fylgdust þau með samfélagslegum verkefnum eins og bleikur október, grænn nóvember, barnasáttmálinn, bónda dagur og konudagur, Mottumars, mislitir sokkar, Blár apríl auk annarra skemmtilegra daga sem koma upp á hverju ári. Vettvangsferðir voru einnig margar og skemmtilegar. Þar má nefna í Þjóðleikhúsið og Hörpu og útskriftarferð í Viðey.

Áherslur skólaárið 2021 – 2022

Haldið verður áfram að örva skapandi og gagnrýna hugsun. Þemu ársins fara eftir áhuga barnanna en einnig höldum við áfram að vinna með samfélagið og það sem tengist menningu okkar.

Sjálfbærni og vísindi: Sjálfbærni og vísindi felst í að uppgötva eðli og eiginleika ýmissa efna og fyrirbæra, ásamt því að kynna náttúrunni og bera virðingu fyrir henni. Kanna, rannsaka, skoða, spyrja spurninga, virkja ímyndunaraflíð og ýta undir forvitni og vangaveltur. Þau uppgötva ýmis konar efni og fyrirbæri og kynna náttúrunni og læra að bera virðingu fyrir henni.

Markmið:

Að umhverfi skólans og efniviður veki forvitni og og áhuga hjá börnunum og hvetji þau til rannsókna.

Leiðir:

- Að ýta undir umhverfisvitund og virðingu fyrir náttúru með umræðu barna og starfsfólks
- Meta stöðu umhverfismála í skólanum
- Sýna bæði fólki og umhverfi tillitsemi

1 – 2 ára börn: Lind, Hlíð og Björk.**Skólaárið 2020 – 2021**

Við vorum mikið úti og upplifðum náttúruna í gegnum skynjun. Snertingu lykt, áferð og hljóð. Við könnuðum og rannsökuðum alls konar efnivið með það markmið að vekja hjá börnunum forvitni og áhuga á að gera tilraunir. Notuðum, greinar, steina, sand, vatn, klaka, snjó og svo frv.

Áherslur skólaárið 2021 - 2022

Svokallaður könnunarleikur þar sem við leikum okkur með óhefðbundið leikefni hefur verið að þróast hjá okkur og langar okkur að þróa hann betur á næsta ári.

3-6 ára börn: Ból og Lækur**Skólaárið 2020 – 2021**

Hver mánuður var nýttur til að til að rannsaka og kanna hvernig lífið breytist, litir, trén og náttúran og við sjálf. Við völdum okkur tré og fylgdum því eftir frá vetri til vors. Eldgosið var kjörið tækifæri til að velta fyrir sér náttúrunni, hita og eld. Svo er líka veðráttan stöðugt rannsóknarefni. Í gönguferðum og útivist lögðum við áherslu á að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og hvernig vistspor þeirra og nærsamfélagsins geta stuðlað að sjálfbærni

Áherslur skólaárið 2021 - 2022

Lögð verður meiri áhersla á umhverfismennt en áfram verður unnið með umhverfið okkar, útivist og náttúruna.

Sérkennsla: Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í samstarfi við deildarstjóra viðkomandi deilda, foreldra, ráðgefandi sérfræðinga og stuðningsaðila barnanna. Útbýr einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem fá viðbótarstuðning út frá gögnum sérfræðinga og matslistum sem leikskólinn fyllir út. Þær eru endurskoðaðar eftir þörfum. Þrjár greinar Barnasáttmálans eiga sérstaklega við sérkennsluna en það eru 2. grein sem bannar mismunun, 3. grein þar sem fjallað er um að ákvarðanir er varða börn séu byggðar á því sem þeim er fyrir bestu og 6. grein sem segir að aðildarríkin skuli tryggja að öll börn megi lifa og þroskast. Í Álfatúni er markmið að allir starfsmenn deilda komi að börnum með viðbótarstuðning. Sérkennslan fer yfirleitt fram í barnahópnum en ef einhver þarf á einstaklingsþjálfun að halda er tekið mið af því og í vetur fóru 3 börn í einstaklingsþjálfun eftir þörfum. Málörvun fer fram í daglegu starfi deildanna og málörvunarhópum eftir þörfum.

Dagskipulag:

Leikskólinn Álfatún opnar kl. 7:30. Morgunmatur hefst kl.8:30 og öll börnin borða á sama tíma inn á sinni deild. Síðan taka við samverustundir, leikur, hópavinnu, listsköpun, val eða útivera. Björk, Hlíð og Lind borða hádegismat kl. 11:15 og síðan tekur við hvíld. Hádegismatur á Læk og Bóli hefst kl 11:45 og eftir það er hvíldarstund. Eldri börnin fara síðan í hópavinnu, val, hreyfingu eða útiveru kl. 13. Síðdegishressing er á milli kl. 14:30-15:00, yngri börnin byrja fyrr og eldri börnin síðar. Þá tekur við leikur þar til leikskólanum er lokað kl. 16:30. Öll börn fara a.m.k. út einu sinni á dag jafnvel oft, fer eftir veðri.

Menningarviðburðir

Ýmsir fastir liðir eru í skólastarfi leikskólans, helst má þó nefna:

- Fagnaðarfundir eru einu sinni í viku í sal skólans
- Litadagar eru reglulega yfir veturinn
- Dagur íslenskrar tungu, sérstök áhersla á lestur, ljóð og söng
- Dagur íslenskrar náttúru, eldri börnin fara í dalinn
- Elstu börnin heimsækja Þjóðleikhúsið
- Piparkökukaffi í byrjun desember. Börnin bjóða foreldrum/ forráðamönnum í heitt súkkulaði og piparkökur
- Jólatrésskemmtun er haldin í salnum í desember
- Desember er ljósamánuður
- Bóndadagur
- Dagur leikskólans er 6. febrúar. Farið er út í samfélagið og vakin athygli á mikilvægi leikskólans í samfélaginu. Foreldrum boðið í morgunmat.
- Öskudagur, þá er slegið upp dansleik í leikskólanum.
- Konudagur
- Útskrift elstu barna að vori
- Útskriftarferð elstu barna er að vori
- Opið hús í maí
- Sumarhátíð foreldrafélagsins og leikskólans í byrjun sumars

Foreldrafélag er starfandi við skólann og í júní er sumarhátíð félagsins haldin í samstarfi við leikskólann.

Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu Álfatúns má finna ýmsar upplýsingar um starf leikskólans eins og fréttir, viðburði og annað. Reynt er að uppfæra heimasíðuna reglulega auk þess fá foreldrar reglulega tölvupósta með ýmsum upplýsingum um starfið frá deildarstjórum eða leikskólastjórum. Við notum einnig samskiptaforrit fyrir foreldra og starfsfólk sem heitir Vala. Þar skráir starfsfólk

viðveru barnanna ásamt því eru flestar deildar til dæmis að nota forritið í að skrá hvað barnið borðar og sefur mikið.

Skólaárið 2020-2021

Ekki var hægt að bjóða foreldrum upp á Piparkökukaffi í desember né bjóða upp á morgunmat á Degi leikskólans vegna takmarkana á utanaðkomandi gestum í leikskólann. Einnig þurftum við hluta skólaársins að vera með tvískipta fagnaðarfundi og að tvískipta okkur á Jólatrésskemmtunina og Öskudagsballið en það er e.t.v. komið til að vera þar sem allir aldurshópar nutu sín betur og höfðu meira rými.

Foreldrafélagið hefur ásamt leikskólanum boðið upp á námskeið af einhverju tagi og einnig keypt inn leiksýningu en það féll niður þetta skólaár sömuleiðis vegna takmarkana.

Elstu börn leikskólans voru í samstarfi við bókasafn Kópavogs með sýningu á verkum sem þau gerðu í leikskólanum um eldgos um mánaðarmótin maí/júní.

Áherslur 2021-2022

Engar breytingar fyrirhugaðar og er áætlað að halda áfram með þessa þætti. Þó er stefnt að því að setja örar inn fréttir inn á heimasíðu leikskólans.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs

Áfram verður lögð áhersla á góða samvinnu og jákvæð dagleg samskipti við foreldra og börn í Álfatúni og að mynda traust milli foreldra og starfsfólks. Leikskólinn leggur áherslu á að veita upplýsingar um líðan barns og framfarir þess í skólanum. Miðlað er til foreldra upplýsingum um leikskólastarfið almennt og foreldrum veitt ráðgjöf.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í Álfatúni og hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskólanefndar samanber 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Það fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Það hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á skólastarfinu. Almennt er fundað tvisvar á ári, fyrir og eftir áramót en þetta skólaár hefur ekki verið fundað. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum og leikskólastjórum Álfatúns. Starfsreglur ráðsins er á heimasíðu leikskólans og stefnt er að því að birta fundargerðir ráðsins þar einnig næsta skólaár.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Áfram verða foreldrar hvattir til að taka þátt í starfi leikskólans, fundum og viðburðum.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Almenn foreldraviðtöl eru haldin í mars. Áhersla er lögð á að foreldrar geti ávallt óskað eftir viðtali við stjórnendur. Rafrænn póstur er sendur reglulega til foreldra. Einnig birtast hagnýtar upplýsingar á heimasíðu leikskólans. Upplýsingatöflur eru á öllum deildum. Dagleg samskipti eru þó alltaf mikilvægust. Haldnir eru kynningarfundir fyrir foreldra nýrra barna í leikskólanum þar sem veittar eru almennar upplýsingar um leikskólastarfið. Traustur og ánægður foreldrahópur er forsenda jákvæðra samskipta, samstarfs og samræðu um börnin og góðs orðspors um skólann.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í Álfatúni og foreldrar greiða árgjald. Fundað er reglulega um málefni sem tengist félaginu. Einn fulltrúi frá leikskólanum situr fundi þess. Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti ár hvert.

Skólaárið 2020-2021

Félagið vinnur mikið og gott starf en sl. starfsár náði það ekki að vera með sína föstu viðburði eins og jólaball, sveitaferð, páskaeggjaleit. En þökk sé afléttingu á samkomutakmörkunum náðist að halda veglega sumarhátíð.

Áherslur skólaárið 2021-2022

Stefnt er að því að stofna matsteymi innan leikskólans og óskað verður eftir foreldri/um í það næsta vetur.

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Grunnur starfsmannastefnu Álfatúns er Traust - Gleði - Samvinna - Ábyrgð - Virðing. Leikskólinn Álfatún starfar að auki eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar þar sem leitast er við að skapa góð samskipti byggð á virðingu. Lögð er áhersla á að starfsmenn vinni saman sem ein heild í leikskólastarfinu. Einnig er lögð áhersla á að allir starfsmenn eigi kost á símenntun í starfi sínu og geti sótt námskeið, fundi og ráðstefnur sem varða störf þeirra á vinnutíma ef þess er nokkur kostur.

Mikilvægt er að starfsmenn leikskólans séu samhentir og vinni vel saman. Félagslíf utan daglegs vinnutíma stuðlar að því að þetta starfsmannahópin og skapa góðan anda. Fastir liðir eru haustfagnaður og sumargleði. Svo er reynt að fara saman í bío eða gönguferðir eða

annað sem starfsfólk hefur áhuga á. Einnig er lögð áhersla á að leikskólinn gefi starfsmannagjafir eftir ákveðinn árafjölda í starfi, jólagjafir og fleira.

Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru í handleiðsluhópum með stjórnendum í öðrum leikskólum. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða á vorönn. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að stjórnendum alla daga og geta óskað eftir samtali ef þurfa þykir. Móttökuáætlun nýrra starfsmanna var endurskoðuð síðasta vetur en einn starfsmaður tekur að sér að vera „mentor“ eða þjálfari en í því felst að fylgja eftir nýjum starfsmanni og vera stuðningur fyrstu þrjá mánuði í starfi. Nýtt starfsfólk færir afhent gögn til lestrar þegar það byrjar auk þess sér aðstoðarleikskólastjóri um að fara svokallaðan öryggishring með nýju starfsfólki. Þar fær nýr starfsmaður kynningu á húsinu og öryggisatriðum sem mikilvægt er að vita.

Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildi í leikskólanum eru reiknuð út frá aldri og dvalartíma barna auk fastra stöðugilda fyrir stjórnendur, sérkennslustjóra, eldhússtarfsfólks og vegna stuðnings við börn. Síðan er reiknað með starfshlutfalli vegna veikinda, undirbúningstíma og viðbótar stuðnings fyrir börn ef þarf á að halda.

Stöðugildi næsta skólaár verður rúmlega 25 miðað við fullt hús barna og þar af rúmlega tvö og hálft vegna viðbótarstuðnings. Því miður sjáum við fram á að þrír leikskólakennarar fari á nýjar slóðir í haust. Þannig að í haust gætu orðið í faghópnum sex leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, einn með uppeldisfræðimenntun, einn með aðra háskólamenntun og einn þroskaþjálfari. Einn starfsmaður er svo í leikskólakennaranámi. Þar fyrir utan erum við með sterkan starfsmannahóp sem hefur unnið lengi saman og er með góða reynslu.

Fundir

Stjórnendateymi fundar að meðaltali aðra hvora viku í því sitja leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri og í vikunni á móti er áætlað að deildastjórar séu með samráð. Deildarfundir eru áætlaðir á fjögurra vikna fresti, ýmist að kveldi til eða á skipulagsdögum. Skipulagsdagar eru nýttir fyrir fundi með öllu starfsfólki auk símenntunar. Fagfundir verða teknir eftir vinnu einn á misseri. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með samráð eftir þörfum, sama á við um samráð við sérkennslustjóra.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru nýttir til dæmis til að efla fagþekkingu starfsfólks, innleiða breytingar, meta og skipuleggja starfið og ýmis vinna fer fram á deildum. Samráð á sér stað og undirbúningur á viðtölum við foreldra.

Símenntunaráætlun

Árlega er gerð könnun á símenntunarpörf starfsfólks það er gert í starfsmannasamtali. Starfsfólki er kynnt endur- og símenntunaráætlun starfsársins sem Kópavogsbær setur saman og út frá því fær hver og einn að velja sér þar námskeið eftir sínu áhugasviði. Starfsfólk er einnig hvatt til að sækja sér námskeið auk þess er oft boðið upp á námskeiði á skipulagsdögum fyrir allt starfsfólk.

Skólaárið 2020 – 2021

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl. Þar sem von var á nýjum leikskólastjóra innan tveggja mánaða tóku leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri samtalið saman. Verið var að skoða ánægju og líðan í starfi, það sem starfsmaður gerir vel, verkferla/skipulag og vinnubrögð, vinnuaðstöðu, álag og kröfur, fræðslu og starfsþróunarþarfir. Einnig gafst starfsfólki kostur á að setja sér markmið fyrir næsta skólaár. Mikil fjölbreytni ríkti varðandi fræðslu og starfsþróunarþarfir, má nefna tónlistarnámskeið, útinám, vísindi og rannsóknir. Það sem helst þótti ábótavant var starfsmannaaðstaðan það er að segja það sem snýr að geymslu á útífatnaði og þurrkaðstaða.

Í ár fengum við sex skipulagsdaga þar sem einn var færður frá fyrra skólaári. Þessir dagar nýttust mjög vel og var hægt að dýpka sig í mörgum málum ásamt því að farið var yfir jafnréttismál, verkferla í kringum viðbragðsáætlanir, rýmingaráætlun og verklagsreglur vegna ofbeldis. Mál og læsi var gert hátt undir höfði, með fyrirlestrum um snemmtæka íhlutun og í framhaldi af því farið af stað með vinnu við handbók sem á að vera okkur verkfæri í starfinu. Við fengum skemmtilega fyrirlestra um skapandi starf og svo verklegt námskeið í framhaldi. Einnig náðum við að fylgjast með streymi frá ráðstefnu um leikinn og fleiri fyrirlestrum því tengdu, það gaf mikið inn í starfið. Tónlist, útinám, könnunarleikur og fleira fengu einnig rými ásamt deildarfundum.

Þetta skólaár var mjög lítið um námskeið en þó fóru tveir starfsmenn á gítarnámskeið.

Áherslur skólaárið 2021 – 2022

Fundir í stjórnendateymi leikskólans er aðra hverja viku og samráð deildastjóra vikunni á mótí ekki tókst nægilega vel að halda inni samráðsfundum deildastjóra en áætlað er að halda áfram að reyna að láta þá ganga upp. Starfsþróunarsamtöl verða á sínum stað á vormánuðum 2022. Áfram verður haldið með þróunarverkefnið í snemmtækri íhlutun og unnið verður að handbók leikskólans.

Samstarf

Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans vinni sem ein heild og að sameiningu að settum markmiðum. Auk þess er starfsfólk leikskólans í samstarfi við foreldra og ýmsa utanaðkomandi aðila.

Samstarf við grunnskóla

Álfatún er í formlegu samstarfi við Snælandsskóla. Hefð er fyrir því að nemendur fyrsta bekkjar komi í heimsókn og elstu börnin úr Álfatúni fara í heimsókn þangað til að kynna sér grunnskólann og átta sig á hvað bíður á næsta skólaári.

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í góðu samstarfi við hina ýmsu aðila sem koma að skólastarfinu. Þar má nefna Menntasvið og Velferðarsvið, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, iðjubjálfa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, barnavernd, söfn bæjarins og einnig iðnaðarmenn og birgja. Auk þess viljum við gjarnan fá nema í samstarfi við Háskólana.

Skólaárið 2020-2021

Því miður var samstarf við utanaðkomandi ekki mikið vegna aðstæðna og gildandi takmarkana. Í fyrsta skipti var til dæmis nánast ekkert samstarf á milli leikskólans og grunnskólans. Vináttugangan sem er í samstarfi við Snælandsskóla, Furugrund og Grænatún var með öðru sniði í vetur vegna takmarkana og féll því miður niður.

Áherslur skólaárið 2021-2022

Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf milli starfsfólks og samstarfsaðila.

Innra mat

Matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum eru samkvæmt lögnum að:

- Veita upplýsingar um leikskólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Annað hvert ár leggur skólaskrifstofa fyrir annars vegar foreldramatslista og hins vegar starfsmannalista. Þetta árið var lagður fyrir foreldralisti á vegum Skólapúlsins. Eitt námssvið er metið sérstaklega ár hvert út frá skólanámskrá og í ár var það sjálfbærni og vísindi. Mat barna er í stöðugri þróun en þar svara tveir elstu árgangarnir spurningum um daglegt líf. Við höfum að okkar mati ekki dottið niður á réttu lausnina en alltaf fengið áhugaverðar svaranir. Ár hvert fara deildar yfir starfsáætlun síðastliðins árs og gera áætlun næsta árs. Endurmati á skólanámsskrá var frestað og einnig á umhverfisstefnu skólans.

Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Foreldrakönnun var lögð fyrir á vegum Skólapúlsins. Hún var rafræn og svarhlutfall var 88%. Þættir sem voru skoðaðir voru daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta. Einnig var boðið upp á opin svör þar sem m.a. var spurt um hvað væri gott við skólann og hvað mætti betur fara varðandi ýmsa þætti.

Svarhlutfall var 88% sem er virkilega ánægjulegt og niðurstöður sýna að leikskólinn er á langflestum sviðum sambærilegur eða ofan við landsmeðaltal. Sá þáttur sem kom verst út var þekking foreldra á stefnu og námsskrá skólans. Það birtist einnig í opnu spurningum þar sem foreldrar vildu fá meiri upplýsingar um starfið á deildunum og dagleg viðfangsefni barnanna. Einnig kom fram að heimasíðan mætti vera virkari. Annars var almenn ánægja með starfið og starfsaðstæður og mikil ánægja með hve vel er tekið á móti börnunum og einnig útinámið.

Mat á sjálfbærni og vísindum var gert í marsmánuði og er það unnið út frá ákveðnum stöðlum sem byggja á námsskrám. Niðurstöður sýna að markmið um að börnin upplifi fjölbreytni náttúrunnar, kynnist lífríkinu og hafi aðgang að fjölbreyttum og náttúrulegum efnivið sé mætt í dagsskipulagi og skipulagi umhverfis. Öll börn fara út daglega og mikil rækt er lögð í að kynnast dýralífi, fuglalífi og hafa fjölbreyttan efnivið. Hjá eldri börnum er svo unnið meira með stærðfræðihugtök og vísindatilraunir. Það sem má bæta er umræða um endurvinnslu og að sinna henni betur.

Í vor ræddi leikskólastjóri við tvo elstu árganga leikskólans. Þetta árið var matið tvíþætt. Börnin komu tvö og tvö saman og fyrst voru þau spurð nokkurra spurninga.

Hvað er skemmtilegast að gera: leika úti eða inni, hópastarf, val, samverustund, fara niður í dal? Hvernig er maturinn? Ef þú fengir að ráða einn dag, hverju myndir þú breyta?

Niðurstöður sýndi að meirihluti var hrifnastur af leiknum og hópastarf var í öðru sæti. Maturinn var góður og börnin vildu ekki breyta neinu fyrir utan eitt og eitt sem voru þá með hugmyndir á borð við að mála veggina með regnbogalitum, fá hoppukastala og rennibraut með flottum kastala og turni.

Síðan voru þeim sýndar myndir af leiksvæðum inni og úti og áttu að setja bros, fýlu eða hlutlausu karla eftir því hvernig þeim líkaði svæðin. Leiksvæðið úti fékk 21 broskar, Litla Ból, 19. Listaskáli og fiskasvæði fengu fæsta eða 12 og 8 broskar. Ekki var hægt að greina að eitthvað svæði væri á einhvern hátt leiðinlegast samt sem áður.

Skólaárið 2020 – 2021.

Í starfsáætlun þessa skólaárs var stefnt að því í kjölfar mats á sköpun og menningu að vinna markvissara með tónlist, bæta við vísindaefnivið og elsta deildin ætlaði að vinna betur með menningu annarra þjóða. Allar deildar bættu við sig vinnu með hljóðgjafa og tónlistarleiki á einhvern hátt í byrjun árs en svo smám saman dró úr því. Lítið bættist við af vísindaefnivið en deildar voru á móti duglegar að nýta það sem var til og gera tilraunir og rannsaka efnivið bæði úr náttúrunni og það sem til féll. Fjölmenningsarvikan okkar heppnaðist vel og var gaman að skoða hvað er líkt og ólíkt með okkur og öðrum þjóðum, sérstaklega hjá elst börnum.

Matsáætlun

Leikskólastjórnendur í Álfatúni leggja til að nýttir séu þættir úr gæðaviðmiðum um leikskólastarfs sem grunn að matsáætlun sem unnið verður að til næstu fjögurra ára. Matsteymi verður sett á laggirnar haustið 2021 og þá verður farið yfir forgangspætti sem eru í áætlun í samvinnu við stjórnendur leikskólans. Matsteymið sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess og að virkja aðra með sér í matinu.

Matsþættir	2021 - 2022	2022- 2023	2023- 2024	2024- 2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	X		X	
Faglegt samstarf		X		X
Leikskólaþróun og símenntun	X		X	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X
Uppeldis- og menntunarstarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X	X	X	X
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X		X	
Námsvið leikskólans	X	X	X	X
Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans		X		X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	X		X	
Fagmennska starfsfólks	X		X	
Starfsánægja	X		X	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	X			
Velferð og líðan barna	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	X		X	
Viðhorf foreldra		X		X
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	X	X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð	X	X		X
Opinber birting og umræður	X	X		X

Umbótaáætlun

Áfram verður unnið þar sem frá var horfið með Barnasáttmálann. Þróunarverkefnið snemmtæk íhlutun varðandi mál og læsi verður áfram í vinnslu og bæta þarf aðstöðu fyrir útífatnað starfsfólks. Námskrá leikskólans þarf endurskoðun og áætlað er að á vorönn 2022 verði farið í að byrja þá vinnu. Læsi og samskipti eru matsþættir sem Menntasvið Kópavogs leggur áherslu á veturinn 2021-2022 og munum við vinna með þá þætti í vetur.

Svo er mikill áhugi á að fá fyrirlestur um samskipti á vinnustað því þó að niðurstöður starfsmannamatsins hafi verið góðar kveiktu þær á áhuga á að gera enn betur.

Börn

Börnin meta skólastarfið árlega og eru matsaðferðir breytingar og aðlagðar færni þeirra og þroska. Niðurstöður koma fram í starfsáætlun.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börnin í leikskólans, en það er íslensk aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. Þeir þættir sem eru kannaðir eru; rím, samstafir, hljóðgreining, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging. Skimunin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur (með hvert barn).

EFI-2

EFI-2 er lagt fyrir flest öll börn á fjórða ári í Álfatúni. EFI-2 er íslensk aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar málskilning og tjáningu barnsins. Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum sem barn og kennari skoða saman.

Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift

Í leikskólanum er gert ráð fyrir sjötíu og níu börnum á fimm deildum en s.l. ár náðist ekki að fylla í öll rými. En við sjáum fram á að ná að fylla leikskólann haustið 2021.

Í sumar kveðja okkur 13 börn sem færa sig yfir á annað skólastig og svo eru nokkur börn að færa sig yfir í sín skólahverfi. Útskrift var í lok maí og var haldin utandyra þetta árið.

Sumarið er notað til að aðlaga á milli deilda og að loknu sumarfríi hefst aðlögun nýrra barna. Lögð er áhersla á að mynda strax góð tengsl milli leikskóla og heimilis og tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun. Gert er ráð fyrir fimm til átta dögum í aðlögun en tekið er mið af þörfum hvers barns og aðlögun lengd ef með þarf. Þetta hefur gefið góða raun og lítum við á góða aðlögun sem grundvöll fyrir góðri viðveru áfram.

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Í leikskólanum Álfatúni er 50% staða sérkennslustjóra, hlutverk hans er

að hafa heildarsýn á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu. Auk þess veitir hann starfsfólki og foreldrum ráðgjöf og er tengiliður við stofnandir sem sinna greiningu og ráðgjöf vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn. Málörvun er sinnt af kennurum og starfsfólki inni á deildum leikskólans.

Starfsfólk

Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti.

Forráðamenn

Forráðamenn meta starfsemina í leikskólanum annað hvert ár.

Skólaárið 2020-2021

Unnið var í þróunarverkefni í leikskólanum um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska. Spurningarlistar fyrir nýja foreldra barna með annað móðurmál en íslensku er verið að vinna ekki náðist að klára það fyrir sumarfrí.

Áherslur skólaárið 2021-2022

Miðað við þann fjölda barna sem liggur fyrir að hafi fengið inni í leikskólanum skólaárið 2021-2022 munu um það bil tuttugu og fjögur börn fá viðbótarstuðning með einum eða öðrum hætti. Þar af eru þrjú í fyrsta og öðrum flokki og fjórtán eru tvítyngd. Áfram verður unnið í nánú samstarfi við ráðgjafa Greiningarstöðvar og Menntasviðs Kópavogs.

Haldið er áfram að endurmeta starfið reglulega. Endurmat er gert eftir hina ýmsu viðburði og uppákomur. Þróunarverkefnið um snemmtæka íhlutun varðandi mál og læsi heldur áfram og þróa þarf áfram spurningarlista sem eru nýttir í fyrsta viðtali nýrra foreldra.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er meðal annars að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum. Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn hafa verið kosnir og flóttaleiðir og leiðbeiningar settar upp á vegg. Brunaæfing var gerð á síðasta skólaári og verður endurtekin næsta skólaár. Slysavarnarnámskeið eru einnig reglubundin.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri sitja í öryggisnefnd í leikskólanum Álfatúni. Nefndin hittist að minnstakosti tvisvar á ári. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf.

Áfallaráð

Stjórnendur eru ábyrgðarmenn þegar áföll verða og kalla til sín aðila sem tengjast barni, starfsmanni eða aðstandendum eftir því sem þurfa þykir.

Innra eftirlit

Farið er yfir garðinn að morgni, lagað það sem hægt er og skráðar í bók athugasemdir sem þarfnast skoðunar. Eldhús hefur sitt kerfi sem lýtur að heilbrigðisreglum. Allar deildir fylgja skipulagi sem snýr að því að tryggja öryggi barna og starfsfólks.

Slys

Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við tryggingarfélagi VÍS. Stórslys voru sem betur fer engin og smærri slys með færra móti undanfarin ár sem er gott. Slysaskýrslur eru skráðar og einnig eru slys skráð inn á nýja vefsíðu á vegum VÍS sem á að auka yfirsýn og eftirfylgni.

Lokaorð

Starfsárið 2020 – 2021 hófst með aðlögun milli deilda og móttöku nýrra barna, Covid- 19 setti áfram mark sitt á skólastarfið og nokkuð vel gekk að skipuleggja þær takmarkanir sem skólunum voru settar. Góð samvinna hefur markað starfið síðasta vetur þrátt fyrir takmarkanir hafi haft töluvert áhrif á starfið og hafa þær reynt á starfsemina. Ýmis verkefni og samstarf sem stóð til að framkvæma þurfti að bíða betri tíma, en með góðri samvinnu gekk allt vel. Nýr leikskólastjóri tók til starfa í lok maí og er að kynnast starfi leikskólans, starfsfólki, börnum og foreldrum.

Við í Álfatúni kveðjum þetta ár og tökum glöð á móti nýju hausti með nýjum áskorunum og ævintýrum og hlökkum til komandi verkefna.

Fyrir hönd starfsfólks,

Heiðbjört Gunnólfsdóttir, leikskólastjóri

Linda Björk Ólafsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Fylgiskjöl

Umbótaráætlun og símenntunaráætlun verður send í viðhengi með starfsáætlun til menntasviðs.